

# VISTVANGUR – GEFUR LANDINU LÍF

HÉR ER UNNIÐ AÐ UPPGRÆÐSLU OG TIL ÞESS NOTUÐ LÍFRÆN ÚRGANGSEFNI.

## GRÓÐUREYÐING Á ÍSLANDI

Ísland er eyja, langt úti í Norður-Atlantshafi, mitt í farbraut öflugra lægða og hafstrauma. Hér er dæmigert úthafsloftslag, sérlega óstöðugt að vetri með eilíf skipti frosts og þíðu og allri þeirri veðrun sem því fylgir. Hér er afar vindasamt og eldfjöll hafa hvorki hlíft landi né landslýð við hrauni og gjósku. Meðalhiti að sumri er hóflegur, um 11 °C. Þetta eru ekki hagstæð skilyrði fyrir ríkulegt lífríki.

Landnám Íslands á 9. öld átti sér stað á hlýskeyði og landnámsmenn höfðu með sér kvikfénað sem þeir beittu á landið. Þegar kom fram á 13. öld tók að kólna og þá harðnaði á dalnum fyrir land og lýð. Mannfjöldi hélst í lágmarki en þegar tók að fjölga hnignaði landinu býsna hratt, vegna ofbeitar sauðkindarinnar, sem var sú tegund húsdýra sem bændur reiddu sig á. Frá 19. öld hefur uppblástur verið eitt helsta umhverfisvandamál á Íslandi.

## LOFTSLAGSBREYTINGAR Á JÖRÐINNI

Loftslagsbreytingarnar eru nú veigamesti vandi mannkyns. Mikið er í húfi því að siðmenningin getur varla lifað af miklar breytingar í hinum náttúrulegu skilyrðum sem henni eru sett. Breytingarnar eru af mannavöldum og því er það undir okkur komið að finna lausnir. Spurningin er einföld, en framkvæmdin flókin: Hvernig minnkum við styrk koltvísýrings (og annarra gróðurhúsalofttegunda) í andrúmsloftinu?



Ein leið er að minnka losun út í andrúmsloftið. Það er gert með því að brenna minna, t.d. eldsneyti á bíla og önnur samgöngutæki. Hafðu það í huga, vegfarandi góður.

Önnur leið er að fjarlægja koltvísýring úr andrúmsloftinu. Þar kemur gróður jarðar í góðar þarfir því að það er nákvæmlega það sem hann gerir. Gróðurinn bindur kolefnið í lífmassa og þegar fram líða stundir verður lífmassinn hluti af jarðveginum. Þetta er sú leið sem farin er á vistvangi.

## ÚRGANGUR OG NÁTTÚRULEG HRINGRÁS

Allir kannast við úrgang og þá mæðu og fyrirhöfn að losna við úrgang. Í ríki náttúrunnar, í vistkerfi, er þó eiginlega ekkert til sem heitir úrgangur. Öll efni sem verða til fyrir líffræðilega starfsemi eiga sér mótsvarandi efnaferla sem sundra þeim og gera þau nothæf að nýju. Úrgangsefni verða að nýju hráefni til líffræðilegrar uppbyggingar. Það er hin svokallaða náttúrulega hringrás.

Í þéttbýli á Íslandi er vinsælt að halda hross. En hross skila af sér miklum úrgangi. Á höfuðborgarsvæðinu einu er gert ráð fyrir að yfir 30 þúsund tonn falli til árlega. Í hrossataði er mikill frjómáttur fólgin, nokkuð sem örfoka land þarfnast.

Hér á vistvangi er notað hrossatað. Því er dreift yfir örfoka svæði og landinu þannig fært líf að nýju. Úrgangur fóstrar frjósemi, líf á áður ófrjóu landi.

Á vistvangi kemur ekkert annað við sögu en lífræn úrgangsefni, aðallega hrossatað, og svo vinna okkar við að dreifa efnunum.

Á vistvangi er vettvangur fyrir skóla, vinnuhópa, rannsóknir og gleði yfir að vinna jörðinni gagn.

## SAGA FRÁ 19. ÖLD

Áratugurinn 1880–1890 var Íslendingum þungur í skauti. Árið 1879 fluttist hingað stórhuga bóndi austan úr Skaftafellssýslu með um tvö þúsund fjár og settist að í Krýsuvík sem var þá ein fjárbesta jörð á landinu. Hjörðinni ætlaði hann beit á landinu sem hér blasir við. Fljótlega brast á hinn alræmdri níundi áratugur 19. aldar með tíðarfarsbrestum sínum. Búskapur bóndans var ekki það eina sem brást heldur flettist landið gróðri og fljótlega jarðvegi líka. Eftir stóð klöppin og moldin. Ástand landsins sem verið er að bregðast við hefur því varað næstum 140 ár þegar framkvæmdir hófust.

Svona orti Matthías Jochumsson um Ísland á þessum árum:

*Volaða land,  
horsælu hérvistar slóðir,  
húsgangsins trúfasta móðir,  
volaða land!*

Ekki beinlínis lofsöngur hjá þjóðskáldinu í það sinn!



**ECOPARK – GIVES LIFE TO THE LAND**  
**HERE WE ARE MAKING EFFORTS FOR REVEGETATION BY USING ORGANIC WASTE MATERIALS.**

## LOSS OF VEGETATION IN ICELAND

Iceland is an island in the North Atlantic Ocean, far away from other land masses and buffeted by strong low pressure areas and ocean currents. The country has a typical maritime climate, which is particularly unstable in the winters where frost and thaw seem to alternate constantly and the weather conditions are as may be expected in such conditions. It is very windy and volcanos have inflicted lava and ash upon the land and its inhabitants without mercy. The mean temperature in the summer is moderate, about 11 °C. These are not conditions that favor a rich biota.

The settlement of Iceland in the 9th century took place during an interglacial period and the settlers brought with them livestock which they put out to pasture on the land. In the 13th century there was a cooling period and then conditions got harder for the land and people. The population was minimal but when the number of people began to increase the land deteriorated at quite a fast rate, due to overgrazing by the sheep which were the animals that farmers principally relied on. Since the 19th century wind erosion has been a major environmental problem in Iceland.

## GLOBAL CLIMATE CHANGE

Climate change is now the most serious problem for mankind. There is much at stake as civilization can hardly survive severe changes in the natural conditions that it must endure. These changes are man-made and it is therefore up to us to find solutions. The question is simple but the implementation is complex: How do we reduce the amount of carbon dioxide (and other greenhouse gases) in the atmosphere?



One way is to reduce the emission of such gases into the air. This is done by burning less fuel, such as in cars and other transportation devices. Please keep that in mind, dear traveller.

Another way is to remove carbon dioxide from the atmosphere. The vegetation of the Earth is very important for that plan as this is exactly what it does. Vegetation binds carbon dioxide in biomass and as time passes the biomass becomes part of the soil. This is the method we have chosen at ecopark.

## WASTE AND THE NATURAL CIRCULATION

Everyone is familiar with waste and the annoyance and trouble involved with disposing of it. However, in nature, in ecosystems, waste does not really exist. For all material that is produced by biological processes there are complementary chemical processes that disintegrate them and make them useful again. Waste materials again become raw materials for building biological structures. This is what we call the natural circulation.

Keeping horses is a popular activity in urban areas in Iceland. However, horses produce a lot of waste. In the capital area alone it is estimated that more than 30 thousand tons are produced each year. Horse manure is very good for fertilizing, which is sorely needed in a land that has been stripped bare by the wind.

Here at ecopark we use horse manure. It is spread over bare areas and life is brought back to the land in this way. Waste fosters fertility and life in previously barren land.

At ecopark we do nothing but take organic waste materials, mainly horse manure, and spread it around.

Ecopark is a venue for schools, work groups, research and joy in doing good for the land.



## A GLIMPSE OF 19TH CENTURY HISTORY

The decade of 1880–1890 was a hard time for Icelanders. In 1879 a farmer with great plans moved here from Skaftafellssýsla and brought with him about two thousand sheep and made his homestead in Krýsuvík, which had some of the best pasture land in the country at the time. He intended to put his flock out to pasture on the land which you see here. Then dawned the infamous 1880s with their meteorological disasters. It was not only the farmer's hopes that were dashed as the land was stripped of its vegetation and soon after that also its soil. All that remained was rock and dirt. This condition of the land that we are responding to had therefore lasted nearly 140 years at the time when we began our efforts.

This is how Matthías Jochumsson wrote about Iceland at that time:

*O wretched country,  
you emaciated, fleeting land,  
embraced by a beggar's barren strand,  
o wretched country!*

Not exactly national praise from our national poet in this case!